

# AÐALNÁMSKRÁ TÓNLISTARSKÓLA

ALMENNUR HLUTI 2024

Desember 2024

# EFNISYFIRLIT

1.1 Forsendur aðalnámskrár .....	6
1.2 Hlutverk aðalnámskrár .....	6
1.3 Efni almenns hluta aðalnámskrár .....	6
2 HLOTVERK OG MEGINMARKMIÐ TÓNLISTARSKÓLA.....	8
2.1 Hlutverk tónlistarskóla .....	8
2.2 Meginmarkmið tónlistarskóla .....	8
2.2.1 Uppeldisleg markmið .....	8
2.2.2 Leikni og skilningsmarkmið.....	8
2.2.3 Samfélagsleg markmið .....	9
3 SKIPAN TÓNLISTARNÁMS .....	10
3.1 Námsáfangar, námsmat og próf.....	10
3.2 Hljóðfæraleikur .....	10
3.3 Tónfræðigreinar.....	10
3.4 Rytísk tónlist.....	11
3.5 Þverfagleiki og nýsköpun námsleiða.....	11
4 SKÓLANÁMSKRÁR.....	12
4.1 Grundvöllur og hlutverk.....	12
4.2 Uppbygging skólanámskráa .....	12
5 KENNSLA OG KENNSLUHÆTTIR.....	13
6 ÞÆTTIR Í HLJÓÐFÆRA OG TÓNFRÆÐANÁMI .....	13
6.1 Hljóðfæranám.....	13
6.1.1 Tónverk .....	14
6.1.2 Æfingar.....	14
6.1.3 Tónstigar og hljómar .....	14
6.1.4 Utanbókarnám .....	14
6.1.5 Nótnalestur .....	14
6.2 Skapandi starf.....	14
6.2.1 Leikur eftir eyra.....	15
6.2.2 Heildarsvipur.....	15
6.3. Tónfræðanám.....	15

6.4 Samleikur og samsöngur .....	15
7 NÁMSMAT Í TÓNLISTARSKÓLA.....	16
7.1 Markmið námsmats .....	16
7.2 Námsmat í skólanámskrám og starfsáætlun skóla.....	16
7.3 Fjölbreyttar matsaðferðir og fjölbreytni í námsmati .....	16
7.4 Almenn um námsmat.....	16
7.5 Leiðsagnarmat - leiðsagnarnám.....	17
7.5.3 Sjálfsmat.....	18
7.5.4 Jafningjamat .....	18
7.5.5 Leiðsagnarnám og tónlistarnám .....	18
8 ÁFANGAPRÓF TÓNLISTARSKÓLA .....	19
8.1 Tilgangur og skipulag.....	19
8.2 Framkvæmd áfangaprófa.....	19
8.3 Prófbættir áfangaprófa.....	19
8.4 Samræming mats og prófdæming .....	20
8.5 Mat og endurgjöf.....	20
8.6 Prófskírteini.....	20
8.7 Lengd prófa .....	20
8.8 Tónfræðapróf.....	21
8.9 Framhaldspróf í hljóðfæraleik .....	21
8.10 Námslok .....	21
8.11 Prófglur hljóðfæra og tónfræðiprófa .....	21
8.11.1 Almennar prófglur .....	21
8.11.2 Prófglur hljóðfæraprófa.....	21
9 SKIPULAG OG INNTAK ÁFANGAPRÓFA TÓNLISTARSKÓLA .....	23
9.1 Prófbáttur I: Tæknipróf tónlistarskóla.....	23
9.1.2 Æfing.....	23
9.1.3 Útdrættir úr hljómsveitarverkum.....	23
9.2 Grunnpróf tónlistarskóla .....	23
9.2.1 Prófbáttur II Hljóðfærapróf .....	24
Prófbættir eru þessir: .....	24
9.3 Miðpróf tónlistarskóla .....	24
9.3.1 Prófbáttur II Hljóðfærapróf .....	24

Prófbættir eru þessir: .....	24
9.4 Framhaldspróf tónlistarskóla.....	24
9.4.1 Prófbáttur II Hljóðfærapróf .....	24
Prófbættir eru þessir: .....	25
9.5 Prófbáttur III Tónfræðiþróf .....	25
9.6 Heildarsvipur .....	25
10 MAT Á SKÓLASTARFI.....	25
10.1 Innra mat .....	25
10.2 Ytra mat.....	25
11 SAMVINNA Í SKÓLASTARFI.....	26
11.1 Samstarf tónlistarskóla og leikskóla .....	26
11.2 Samstarf tónlistarskóla og grunnskóla.....	26
11.3 Samstarf tónlistarskóla og framhaldsskóla .....	27
11.3.1 Framhaldsskólar og tónlistarnám .....	27
11.4 Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna .....	27
11.5 Samstarf við aðra tónlistarskóla .....	27
11.6 Samstarf við aðra aðila .....	27
12 NÁMSUMHVERFI .....	28
12.1 Húsnæði.....	28
12.2 Búnaður .....	28
13 RÉTTINDI, SKYLDUR, MEÐFERÐ MÁLA OG UPPLÝSINGA .....	28
13.1 Réttindi og skyldur nemenda.....	28
13.2 Meðferð upplýsinga um nemendur .....	28
13.3 Meðferð mála .....	29
13.4 Samskipti nemenda og starfsfólks skóla .....	29
13.5 Brottvikning úr skóla.....	29
14 TENGL HEIMILIS OG SKÓLA .....	29
14.1 Samskipti heimilis og skóla.....	29
14.2 Foreldrafélög .....	30
14.3 Nemendur með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn .....	30
14.4 Fatlaðir nemendur og aðrir nemendur með stuðningþarfir .....	30
VIÐAUKI Húsnæði og búnaður .....	31



# 1 INNGANGUR ALMENNIS HLUTA

Tónlistarskólar á Íslandi sinna fjölbættu menntunar-, menningar- og samfélagshlutverki í sínu nærumhverfi. Skólarnir gegna lykilhlutverki við miðlun tónlistarþekkingar og þróun tónlistarlífs. Tónlist hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda og er óaðskiljanlegur hluti af menningararfi þjóða. Tónlistarskólar þjóna breiðum hópi tónlistaráhugafólks á ýmsum aldri, jafnt þeim sem stunda tónlistarnám sér til ánægju og þeim sem hyggjast leggja tónlistina fyrir sig.

Gildi tónlistarnáms er margþætt en markvisst tónlistaruppeldi miðar að auknum þroska einstaklinga, þjálfar huga og eflir tjáningarhæfni nemenda. Tónlistarnám byggir á þeim gildum að nemendur séu virkir gerendur í námi sínu, læri að setja sér markmið og vinna að þeim sjálfstætt sem og í samvinnu með öðrum. Mikilvægt er að lærdómsferlið feli í sér jákvæða upplifun, rækti námsgleði og eflir sköpunarkraft, þar sem byggt er á styrkleikum og áhugasviði nemenda. Námið sé nemendum hvatning til að þróa hæfni og möguleika til að iðka og njóta tónlistar og skapi þannig forsendur fyrir ævarandi áhuga á listrænu starfi og þátttöku í menningarlífi.

Tónlistarmenntun felur í sér ómetanlegan ávinning fyrir einstaklinginn og samfélagið í heild. Tónlistarnám veitir lífsfyllingu og hefur víðtækt félagslegt og samfélagslegt gildi. Aðgengi, inngilding og jafnrétti eru mikilvæg leiðarstef og möguleikar einstaklinga til virkrar þátttöku í tónlist eiga að vera óháðir líkamlegri getu, félagslegum og menningarlegum bakgrunni, og búsetu.

Í aðalnámskrá tónlistarskóla er sett fram heildarstefna til næstu framtíðar um nám og kennslu í tónlistarskólum.

## 1.1 Forsendur aðalnámskrár

Aðalnámskrá tónlistarskóla er gefin út í samræmi við 3. tölul. 1. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985. Þar er meðal annars kveðið á um að tónlistarskólar skuli kenna eftir námskrá sem gefin er út af mennta- og barnamálaráðuneyti. Aðalnámskráin skiptist annars vegar í almennan hluta og hins vegar í greinanámskrár fyrir einstök hljóðfæri, söng og námsgreinar í tónlistarskólum.

## 1.2 Hlutverk aðalnámskrár

Aðalnámskrá lýsir meginmarkmiðum náms í tónlistarskólum allt að háskólastigi. Meðal hlutverka aðalnámskrár er að samræma helstu þætti tónlistarnáms, bæði milli skóla og innan einstakra skóla. Á sama tíma er lögð áhersla á sjálfstæði skóla. Í því skyni eru í aðalnámskrá tilmæli um að tónlistarskólar setji sér skólanámskrá þar sem starfssvið skóla skuli skilgreint. Fram komi markmið náms og fyrirkomulag skólastarfs í viðkomandi skóla. Við gerð skólanámskrár skal taka mið af stefnumörkun aðalnámskrár tónlistarskóla ásamt því að setja fram sérhæfð og staðbundin markmið einstakra skóla.

Hlutverk aðalnámskrár tónlistarskóla er jafnframt að stuðla að vísýni og sveigjanleika í kennsluháttum, og hvetja til faglegrar og gagnrýnninnar umræðu meðal tónlistarkennara um markmið og leiðir í kennslu. Námskránni er ætlað að hafa áhrif á námsframboð, kennslufyrirkomulag og námsmat í tónlistarskólum. Aðalnámskrá tónlistarskóla er enn fremur til upplýsingar, m.a. fyrir nemendur, foreldra, sveitarfélög og aðra skóla. Auk þess er fyrirsjáanlegt að aðalnámskrá muni leiða til breytinga á inntaki menntunar tónlistarkennara.

## 1.3 Efni almenns hluta aðalnámskrár

Í stórum dráttum má skipta efni almenna hlutans í þrennt. Í upphafi er gerð grein fyrir hlutverki og meginmarkmiðum tónlistarskóla, skipulagi tónlistarnáms, greinanámskrám, skólanámskrám og þáttum

í hljóðfæra<sup>1</sup> og tónfræðanámi<sup>2</sup>. Því næst er fjallað um námsmat og áfangapróf. Loks er umfjöllun um réttindi og skyldur, meðferð mála og upplýsinga, tengsl heimila og skóla, samvinnu í skólastarfi, námsumhverfi og mat á skólastarfi.

---

<sup>1</sup> Í aðalnámskrá er orðið hljóðfæranám notað bæði um nám í hljóðfæraleik og söng. Þar sem talað er um að nemendur leiki á hljóðfæri er einnig átt við söng.

<sup>2</sup> Fleirtöluorðin tónfræði og tónfræðagreinar eru notuð sem samheiti yfir ýmsar greinar, svo sem tónfræði, hljómfæði, tónheyrn og tónlistarsögu.

## 2 HLUTVERK OG MEGINMARKMIÐ TÓNLISTARSKÓLA

### 2.1 Hlutverk tónlistarskóla

Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla er að efla þekkingu, leikni, hæfni og þroska nemenda, sem og að stuðla að öfluggu tónlistarlífi í landinu. Í skólastarfi tónlistarskóla ber að taka tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska þannig að skólarnir þjóni öllum þeim sem sækjast eftir tónlistarnámi. Kennsluaðferðir og viðfangsefni skulu vera einstaklingsmiðuð, fjölbreytt og sveigjanleg.

Hlutverk tónlistarskóla er að stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, skapa og greina tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar, m.a. með því að þjálfa tóneyra þeirra og einbeitingu, veita þeim fræðslu og auka færni á sviði hljóðfæraleiks, söngs og tónfræðagreina. Ennfremur að búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur, m.a. með því að veita undirstöðuþekkingu, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð nemenda, jafnframt því að örva þá til að leika tónlist og syngja, bæði eina og með öðrum. Nám í tónlistarskólum undirbýr nemendur fyrir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi, m.a. með því að veita þeim góða tæknilega tilsögn í hljóðfæraleik og söng, markvissa þjálfun í tónfræðagreinum og tækifæri til að koma fram. Þá stuðla tónlistarskólar að auknu tónlistarlífi, m.a. með því að hvetja til virkni nemenda og kennara í almennu tónlistarlífi, með samvinnu við aðrar mennta- og menningarstofnanir og samstarfi við listamenn.

### 2.2 Meginmarkmið tónlistarskóla

Meginmarkmið tónlistarskóla skiptast í þrjá flokka: Uppeldisleg markmið, leikni- og skilningsmarkmið og samfélagsleg markmið.

#### 2.2.1 Uppeldisleg markmið

Uppeldisleg markmið stuðla að auknum tilfinningaþroska nemenda, listrænum þroska, mótun viðhorfa, samvinnuhæfni og þrautseigju.

*Áhugi og iðkun:* Hlúð sé að innihaldsríku sambandi nemenda við tónlist með því að skapa aðstæður fyrir jákvæðar tilfinningalegar upplifanir, í gegnum reynslu sem veitir gleði og ánægju og vekur áhuga á tónlist og tónlistariðkun, svo sem með því að syngja og leika á hljóðfæri, hlusta á fjölbreytta tónlist við margs konar aðstæður, skapa eigin tónlist, taka þátt í samleik og samsöng eða koma fram á tónleikum.

*Að njóta og upplifa:* Námið örvi og þrói með nemendum færni til að upplifa og njóta tónlistar sem virkir þátttakendur með það að markmiði að tónlistin fylgi þeim gegnum lífið.

*Efling sjálfsmyndar:* Tónlistarnám sé valdeflandi fyrir nemendur, m.a. með því að þeir læri að sýna getu sína í verki, læri að meta frammistöðu sína og framfarir og taki þátt í skapandi starfi, jafnt í hópstarfi sem einstaklingsvinnu.

*Einbeiting, vandvirkni, ögun:* Námið efli einbeitingarhæfni nemenda og stuðli að vandvirkni og öguðum vinnubrögðum.

*Samvinnuhæfni:* Námið miði að því að efla samvinnuhæfni nemenda, svo sem með samvinnu í starfi undir stjórn kennara, samvinnu í hópstarfi nemenda eða með því að leiða hópstarf.

#### 2.2.2 Leikni og skilningsmarkmið

Leikni- og skilningsmarkmið stuðla einkum að aukinni færni og þekkingu nemenda.

*Sjálfstæð vinnubrögð:* Leikni- og skilningsmarkmið skulu hvetja til þess að nemendur læri og æfist í að leika tónlist og syngja eftir nótum, jafnt undirbúið sem óundirbúið, auk þess að leika og syngja eftir heyrn og minni.

*Hlustun og skilningur:* Nemendur læri að heyra og skilja frum- og túlkunarþætti tónlistar, þ.e. hrynur, laglína, tónblær, styrkur, hraði, form, hljómrænt inntak og hendingamótun, og öðlist þekkingu til að geta greint og gert grein fyrir ólíkum tónlistarstefnum, stíltegundum og tímabilum.

*Sköpun eigin tónlistar:* Markmiðið er einnig að nemendur læri og þjálfist í að setja fram eigin tónhugmyndir, bæði leiknar af fingrum fram og skriflega, setji saman hefðbundnar eða óhefðbundnar tónsmíðar og geti spunnit út frá gefnu upphafi, hljómferli eða eftir öðrum aðferðum.

*Túlkun tónlistar og flutningur:* Nemendur þurfa að tileinka sér getu til að túlka tónlist með tilliti til aldurs og stíls tónverka og geti flutt og túlkað tónlist með tilliti til greiningar á viðkomandi verkum og með hliðsjón af tilfinningalegu innihaldi.

*Einkenni og áhrif tónlistar:* Markmið er einnig að nemendur læri að beita fagorðum yfir formhugtök, frum- og túlkunarþætti og stílbrigði tónlistar, þjálfist í að tjá sig um tilfinningaáhrif tónlistar og læri að tjá sig um hlutverk tónlistar og áhrifamátt hennar.

*Mat á flutningi og túlkun:* Nemendur þjálfist í að skynja mismunandi gæði og einkenni flutnings og túlkunar, geti tjáð sig um hvort tveggja og metið af þekkingu og tilfinningu fyrir stíl, læri að rökstyðja mat sitt með tilvísunum í frum- og túlkunarþætti tónlistar, öðlist þekkingu og þjálfun í að meta ólíkar stíltegundir tónlistar án fordóma.

### 2.2.3 Samfélagsleg markmið

Samfélagsleg markmið stuðla að þátttöku í fjölbreyttri mennta-, menningar- og samfélagstengdri starfsemi. Samfélagslegt hlutverk tónlistarskóla er að veita öllum, sem þess óska, færi á að kynnast tónlistarnámi af eigin raun og skapa nemendum tækifæri til fjölbreytts tónlistarflutnings, jafnt innan skóla sem utan. Stuðla að aukinni þátttöku áhugafólks í tónlistarlífi, fagmenntun tónlistarmanna og tónlistarkennara og góðum undirbúningi fyrir margvísleg tónlistarstörf. Og þess utan að efla tónlistarlíf í samfélaginu og íslenska tónmenningu og þar með beita sér fyrir varðveislu tónlistararfs þjóðarinnar.

Tónlist og tónlistarnám hefur ótvírætt samfélagslegt gildi sem samskiptaleið og til tengslamyndunar þvert á samfélags- og menningarhópa. Tónlist er alþjóðlegt tungumál, inngildandi afli sem býr yfir sameiningarmætti.

## 3 SKIPAN TÓNLISTARNÁMS

Hefðbundið nám í tónlistarskólum skiptist í þrjá megináfanga: Grunn nám, mið nám og framhaldsnám. Til grunn náms telst einnig fornám, þ.e. samþætt byrjendanám, sniðið að aldri og þroska ungra barna. Þessi áfangaskipting tengist uppbyggingu almenna skólakerfisins<sup>3</sup>. Þannig samsvarar grunn nám u.þ.b. grunnstigi grunnskóla, mið nám mið- og efsta stigi grunnskóla og framhaldsnám svarar til náms á framhaldsskólastigi. Lok framhaldsnáms miðast við að nemendur séu undir það búnir að takast á við tónlistarnám á háskólastigi. Lengd námsáfanga miðast m.a. við kennslustundafjölda samkvæmt 1. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985.

Skipting á stig er þó sveigjanleg þar sem nemendur hefja tónlistarnám á ýmsum aldri og námshraði getur verið mismunandi. Því er hvorki hægt að binda upphaf né lok náms samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla við tiltekinn aldur.

### 3.1 Námsáfangar, námsmat og próf

Hverjum námsáfanga er hægt að ljúka með áfangaprófum en nemendur og kennarar hafa val um útfærslu þeirra<sup>4</sup>. Ljúka þarf öllum hlutum hvers námsáfanga áður en heimilt er að þreyta próf í þeim næsta. Ef þroski og tónlistarleg hæfni nemanda leyfir, er unnt að þreyta áfangapróf án þess að fyrri áfangaprófi hafi verið lokið.

Aðrar matsleiðir en próf henta einnig mjög vel þegar verið er að meta tónlistarnám. Tónlistarskólar geta hannað sértækari námsmatsleiðir sem byggja á aðferðum leiðsagnarmats þar sem mat er lagt á námsferlið, meðal annars gegnum reglubundna, munnlega endurgjöf kennara sem fléttast saman við markmiðssetningu og sjálfsmat nemenda og hugsanlega einnig jafningjamat. Mat á lokaafurð námsáfanga getur farið fram með svipuðum hætti. Skipulagi námsmats eru gerð skil í skólanámskrám viðkomandi tónlistarskóla<sup>5</sup>.

Námstími innan hvers áfanga er breytilegur en hann ræðst meðal annars af aldri, getu, þroska, ástundun og námsframvindu. Skólar geta einnig skipt námsferlinu í smærri áfanga kjósi þeir það.

Greinanámskrár í hljóðfæraleik eru gefnar út í sjö heftum eftir hljóðfærafjölskyldum auk námskrár fyrir tónfræðagreinar og námskrár í rytmískri tónlist. Þeim er ætlað að vera vegvísir fyrir nemendur og kennara tónlistarskólanna. Námskránum er ætlað að tryggja fjölbreytni en jafnframt að stuðla að samræmingu þeirra námsþátta sem aðalnámskrá tekur til, bæði innan einstakra skóla og á milli skóla. Greinanámskrár miðast við þá skipan tónlistarnáms sem gerð var grein fyrir á bls. XX-XX.

### 3.2 Hljóðfæraleikur

Í greinanámskrám fyrir einstök hljóðfæri er gerð grein fyrir helstu markmiðum og námsmatsviðmiðum í hverjum námsáfanga.

### 3.3 Tónfræðigreinar

Í námskrá í tónfræðagreinum eru skilgreind markmið, inntak náms og námsmatsviðmið í grunnnámi, miðnámi og framhaldsnámi. Gerð er grein fyrir samþættingu tónfræðagreina, tengslum þeirra við hljóðfæranám og aðgreiningu í einstakar greinar þegar líður á námsferilinn. Einnig eru í námskránni viðmið um skipulag og uppbyggingu námsins, auk umfjöllunar um námsmat og próf.

<sup>3</sup> Tenging við almenna skólakerfið á síður við um söngnám þar sem nemendur eru yfirleitt eldri við upphaf náms.

<sup>4</sup> Sjá kafla 4 um skólanámskrá

### 3.4 Rytmísk tónlist

Rytmísk tónlist er samheiti yfir djass, rokk og ýmsar aðrar stíltegundir. Nám í rytmskri tónlist hefur nokkra sérstöðu innan tónlistarskóla, einkum vegna þess að um sérhæft nám er að ræða í hljóðfæraleik, tónfræðagreinum og samleik. Uppbygging námsins er þó svipuð öðru hljóðfæranámi og námskröfur sambærilegar en viðfangsefni eru að verulegu leyti frábrugðin þeim sem fengist er við í öðru tónlistarnámi. Í greinanámskrá í rytmskri tónlist er m. a. umfjöllun um undirstöðuþekkingu og færni nemenda, markmið og námsmat. Í námskránni er einnig fjallað um þá þætti hljóðfæranáms sem sameiginlegir eru fyrir öll hljóðfæri innan námsbrautar í rytmskri tónlist, svo sem tónstiga og verk, en að öðru leyti skulu greinanámskrár í hljóðfæraleik fyrir viðkomandi hljóðfæri hafðar til hliðsjónar við kennslu. Í námskrá í rytmskri tónlist er enn fremur sérstök umfjöllun um tónfræðagreinar og samspil í rytmsku námi auk sérstakra kafla um nám á einstök hljóðfæri og söng.

### 3.5 Þverfagleiki og nýsköpun námsleiða

Tónlistariðkun og nám er leið til persónulegs þroska, félagslegrar inngildingar, velferðar og farsældar einstaklinga. Til að mæta fjölbreyttum hópi nemenda og þörfum þeirra geta tónlistarskólar haft fleiri námsleiðir í boði. Til að mynda námsleiðir sem styðjast við einstaklingsmiðaða námsframvindu og koma til móts við áhugasvið og færni hvers einstaks nemanda<sup>5</sup>.

Tónlistarfólk framtíðarinnar þarf að búa yfir fjölpætri hæfni en samsetning starfa á sviði tónlistar tekur ört miklum breytingum og tónlistarnám þarf að undirbúa nemendur undir þennan veruleika. Tónlistarskólar bjóði upp á möguleika á námi þvert á tónlistartegundir, opnara tónlistarnám og að námsframboð sé á sem breiðustum grundvelli.

Einnig er mikilvægt að beina sjónum að möguleikum tækninnar; upptökutækni, hljóðvinnslu og hljóðgervlaforritunar, og þjálfna færni nemenda að nota tölvu sem hljóðfæri og til tónsköpunar.

---

<sup>5</sup> Sjá kafla 4 um skólanámskrá

## 4 SKÓLANÁMSKRÁR

Mikilvægt er að allir tónlistarskólar skilgreini starfssvið sitt og markmið í skólanámskrám og kynni þær fyrir nemendum og foreldrum og forsjáraðilum þeirra.

### 4.1 Grundvöllur og hlutverk

Hlutverk skólanámskrár er að stuðla að árangursríku skólastarfi með því að veita upplýsingar og yfirsýn, auðvelda endurmat áætlana og tryggja sem farsælast tónlistaruppeldi. Við gerð skólanámskráa er tónlistarskólum ætlað að taka mið af stefnumörkun og markmiðum aðalnámskrár tónlistarskóla, ásamt því að sinna staðbundnum og sérhæfðum markmiðum. Skólanámskrár verða því að taka mið af aðstæðum á hverjum stað og hafa skólastjórnendur og kennarar þannig nokkuð mikið svigrúm í skólastarfinu. Í skólanámskrám gefst skólum tækifæri til að móta sér eigin sérstöðu og stefnu m.a. með sértækum náms- og námsmatsleiðum sem taka mið af þörfum fjölbreytts nemendahóps<sup>6</sup>.

Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla eru skilgreind á bls. XX-XX-. Leiðir að markmiðunum geta verið margar og kennsluaðferðir fjölbreytilegar. Það er því hlutverk skólastjórnenda og kennara, gjarnan í samráði við foreldra eða forsjáraðila og nemendur, að ákvarða hverjum þessara markmiða unnt sé að ná og hvaða leiðir verði valdar.

Í greinanámskrám eru markmið skilgreind og þeim lágmarksviðmiðum lýst sem gerð eru til nemenda við lok grunnnáms, miðnáms og framhaldsnáms. Í skólanámskrá skal koma fram hvernig skólinn hyggst skipuleggja nám og kennslu til að stuðla að því að nemendur standist þessi viðmið.

### 4.2 Uppbygging skólanámskráa

Skólanámskrá er í senn starfsáætlun viðkomandi skóla, upplýsingarit og lýsing á því sem gera á í skólanum. Skólanámskrá er byggð á aðalnámskrá tónlistarskóla og skal jafnframt vera útfærsla á henni miðað við aðstæður og sérkenni hvers skóla. Helstu efnisflokkar skólanámskrár skulu vera þessir:

1. Yfirlit yfir námsframboð skólans, þar með talið nám sem einstakir tónlistarskólar kunna að bjóða fram umfram það sem tiltekið er í aðalnámskrá.
2. Markmið og inntak, annars vegar nánari útfærsla á markmiðum aðalnámskrár og aðlögun að aðstæðum, hins vegar staðbundin markmið og útfærsla á þeim.
3. Skipulag, svo sem upplýsingar um starfsáætlanir, kennara og kennslugreinar, stjórn skólans, starfstíma, tónleikahald, hljómsveitarstarf o.fl.
4. Námsmat og kennsluhættir, útskýringar á námsnálgun og námsleiðum og hvers konar námsmat er notað, hvers konar vitnisburður er gefinn og á hvaða grunni hann byggist.
5. Aðrar upplýsingar, svo sem um aðbúnað og aðstöðu í skólanum, opnunartíma, samskipti við heimili, samvinnu í skólastarfi, sérstök viðfangsefni og skólareglur.

---

<sup>6</sup> Tónlistarskólar geta samið námslýsingar vegna nýrra námsleiða sem fylgja ekki endilega sömu lögmaðlum og þær námsleiðir sem hefð er fyrir. Eftirfarandi þarf þó að liggja fyrir: Viðmið um þekkingu, leikni og hæfni, almenn lýsing á viðfangsefnum námsleiðar, námsefni og verkefni ásamt fyrirkomulagi námsmats.

## 5 KENNSLA OG KENNSLUHÆTTIR

Kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf og öðlast þannig þá hæfni sem stefnt er að í menntun. Í skólastarfi á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluáðferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á því að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að ná sem bestum árangri í samræmi við markmið aðalnámskrár og skólanámskrár hverju sinni. Við val á kennsluáðferðum og vinnubrögðum ber að taka tillit til aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga og eðlis viðfangsefnisins. Vönduð kennsla, sem lagar sig að markmiðum og nemendum, eykur líkur á árangri.

Kennsluáðferðir og vinnubrögð í skólum verða að þjóna þeim markmiðum sem stefnt er að hverju sinni. Markmið tónlistarskóla eru margvísleg, allt frá markmiðum, sem varða afmarkaða þætti kunnáttu, leikni og viðhorfa, til langtímamarkmiða ásamt markmiðum sem lúta að almennri eflingu síðferðis- og félagsþroska, lýðræðislegri þátttöku og borgaravitund og þannig stuðla að jákvæðum skólabrag sem einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum, samstarfi og samvinnu.

Val á kennsluáðferðum og skipulag skólastarfs verður að miðast við að allir nemendur fái sem best tækifæri til náms og þroska. Kennslan verður að taka mið af þörfum og reynslu einstakra nemenda og efla með þeim námfýsi og vinnugleði. Kennsluáðferðir mega ekki mismuna nemendum eftir kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi og gæði menntunar byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska þeirra snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Hún byggist á sérfræðimenntun, þekkingu, viðhorfum og síðferði starfsins. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgeði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennarar, sem og annað starfsfólk skóla, leitast við að skapa góðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi.

Fagleg þekking tónlistarkennara, bæði í hljóðfæra- og tónfræðagreinum, er afar þýðingarmikil sem og hæfni þeirra til að velja kennsluáðferðir og áhugaverð viðfangsefni til notkunar í skólanum og til heimanáms. Þetta getur ráðið miklu um hvernig til tekst við að vekja og viðhalda áhuga nemenda á tónlistarnámi. Einnig getur samskiptahæfni og viðmót kennarans haft úrslitaáhrif á áhuga og framfarir nemandans. Tónlistarnám er valfrjálst nám og hvatning er nemendum mikilvæg, bæði frá kennurum, foreldrum eða forsjáraðilum. Síðast en ekki síst geta þessir aðilar haft mótandi áhrif á viðhorf nemenda til námsins, skólans og tónlistar almennt. Áhersla skal lögð á á að nemendur séu virkir þátttakendur í námi sínu og unnið út frá styrkleikum og áhuga hvers og eins.

## 6 ÞÆTTIR Í HLJÓÐFÆRA OG TÓNFRÆÐANÁMI

Meginviðfangsefni tónlistarskóla er nám og kennsla í hljóðfæraleik, söng<sup>78</sup> og tónfræðum. Áhersla er lögð á fjölbreytni í starfi tónlistarskóla og að tekið sé tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska.

### 6.1 Hljóðfæranám

Í hljóðfæranámi skal lögð áhersla á fjölbreytni þar sem tekið er tillit til væntinga og þarfa nemenda. Nauðsynlegt er að nemendur fái tækifæri til að tjá sig á margvíslegan hátt. Þátttaka í samleik og samsöng

<sup>7</sup> Undir hugtakið fellur klassískt einsöngsnám og óperusöngsnám, rytmískt söngnám, söngleikjanám og svo mætti áfram telja.

er mjög mikilvæg og lærdómsrík og gæta þarf þess að öllum nemendum gefist kostur á slíku starfi. Einnig er reglulegur flutningur tónlistar á tónleikum mikilvæg reynsla fyrir nemendur.

Þættir í hljóðfæranámi eru margbreytilegir og verkefnaval mismunandi eftir hljóðfærum. Þá eru tónbókmenntir einstakra hljóðfæra og kennsluefni breytilegt að eðli og umfangi. Eigi að síður má skipta öllu hljóðfæranámi í samsvarandi þætti og verður hér á eftir farið nokkrum orðum um þá helstu.

### 6.1.1 Tónverk

Kennarar velja verkefni í hljóðfæranámi í samráði við nemendur. Þess skal gæta að viðfangsefni séu fjölbreytt og nemendur kynnist ýmsum stíltegundum tónlistar. Auk margs konar verkefna sem nemendur æfa til fulls er æskilegt að þeir kynnist fleiri tónverkum innan hvers áfanga.

### 6.1.2 Æfingar

Góðar æfingar (etýður) stuðla að markvissri uppbyggingu hljóðfæratækni en taka auk þess á túlkunaratriðum, svo sem hendingamótun, styrk og blæbrigðum. Velja skal hæfilega krefjandi æfingar miðað við getu nemandans.

### 6.1.3 Tónstigar og hljómar

Fjölmörg atriði þjálfast með markvissri æfingu tónstiga, t.d. tækni, tónmyndun, inntónun og tónsvið.

### 6.1.4 Utanbókarnám

Með því að læra tónlist utanbókar kynnast nemendur viðfangsefnum sínum á annan hátt. Nemendur skulu þjálfast jafnt og þétt í að leika verkefni utanbókar og njóta til þess leiðsagnar kennara. Mælt er með því að nemendur læri tónstiga utanbókar frá upphafi náms.

### 6.1.5 Nótalestur

Markviss þjálfun í nótalestri er mikilvægur þáttur í tónlistarnámi, m.a. svo nemendur geti greiðlega tileinkað sér tónlist og tekið þátt í samspili. Mikilvægt er að nemendur læri að góður nótalestur felur einnig í sér skilning og túlkun ýmissa leiðbeinandi orða og tákna. Þau lög sem valin eru þurfa að vera viðeigandi að þyngd fyrir námsstigið, lagræn og í samhengi við það námsefni sem nemendur eru að fást við í námsferlinu.

## 6.2 Skapandi starf

Fjölþætt, skapandi starf skipar veigamikinn þátt í tónlistarnámi, jafnt í hljóðfæranámi sem tónfræðum. Allir nemendur í tónlistarnámi skulu fá tækifæri og örvun til ýmiss konar tónsköpunar sér til ánægju og aukins þroska. Markvisst, skapandi starf hefur mikið kennslufræðilegt gildi. Það kveikir innri áhugahvöt, dýpkar skilning á formi og uppbyggingu tónlistar, eflir hljóðfærafærni auk þess sem það þjálfar og þroskar lausnamiðaða og skapandi hugsun. Sköpunarþátturinn fléttist inn í allt tónlistarnámið, bæði á sviði hljóðfæraleiks og tónfræðináms.

Skapandi starf í hljóðfæranámi getur m.a. falist í eigin tónsmíðum og flutningi þeirra, en einnig í hvers kyns spuna; hvort heldur sem er frjálsum spuna, eða við gefið hljómferli eða lag.

Notkun tölvu- og tæknibúnaðar til tónsköpunar eykur einnig möguleikana til skapandi tónlistarstarfs til muna. Starf af þessu tagi þroskar hug og hönd, eykur skilning á innri gerð tónlistar og býður auk þess upp á fjölbreytilega notkun efnis sem nemendur hafa þegar lært auk þess að hvetja til ýmiss konar tilraunastarfs.

### 6.2.1 Leikur eftir eyra

Fátt þroskar tóneyra meira en að leika eftir eyra. Mikilvægt er að nemendur fái örvun og leiðbeiningu í að leika lög á þennan hátt, t.d. þekkt lög eftir minni eða lög sem lærð eru á annan hátt. Þessi þáttur námsins miðar meðal annars að því að nemendur verði hæfari til sjálfstæðrar tónlistariðkunar og að þeir geti leikið undirbúningslítið við ýmsar aðstæður.

### 6.2.2 Heildarsvipur

Hluti tónlistarnáms felst í því að læra að flytja tónlist á öruggan og sannfærandi máta, undirbúa og setja saman efnisskrá. Jafnframt er nauðsynlegt að leiðbeina nemendum um örugga og viðeigandi framkomu, ekki síst á tónleikum og prófum. Þjálfar þarf nemendur reglulega í öllum þessum atriðum. Markviss kennsla á þessu sviði nýtist öllum nemendum síðar, hvort sem þeir leggja tónlist fyrir sig eða hasla sér völl á öðrum sviðum.

### 6.3. Tónfræðanám

Í aðalnámskrá eru fleirtöluorðin tónfræði og tónfræðagreinar notuð sem samheiti fyrir ýmsar greinar, svo sem tónfræði, hljómfæði, tónheyrn, tónlistarsögu og skyldar greinar. Notkun tölvu og tónlistarforrita telst einnig til tónfræðanáms, hvort heldur sem tæki til tónsköpunar, nótnaritunar, sem tóngjafa eða upptökutæki. Um tölvur í tónfræðanámi er nánar fjallað í tónfræðanámskrá.

Í samþættu tónfræðanámi fléttast þessar greinar með ýmsum hætti saman við margvíslega virkniþætti, svo sem hljóðfæraleik, söng, hreyfingu, lestur, ritun, hlustun, greiningu og sköpun. Nauðsynlegt er að tónfræðanám tengist tónlist af ýmsu tagi við hæfi hvers aldurshóps, ekki síst þeirri tónlist sem nemendur fást við í hljóðfæranámi eða kynnast með öðrum hætti. Enn fremur er æskilegt að taka mið af tónlistarlífi á hverjum stað og hverjum tíma.

Tónfræðanám fer að jafnaði fram samhliða hljóðfæranámi. Gert er ráð fyrir samþættri kennslu tónfræðagreina í grunn- og miðnámi en í framhaldsnámi hafa skólar fjálsar hendur um hvort tónfræðagreinar eru kenndar samþættar eða aðskildar. Um inntak og námsþætti er nánar fjallað í tónfræðanámskrá.

Nemendur í mið- og framhaldsnámi í rytmísku námi stundi sérhæft nám í tónfræðigreinum. Inntak og námsþættir tónfræða í rytmísku námi eru skilgreindir í greinanámskrá.

Tengsl milli tónfræða- og hljóðfæranáms þurfa að vera þannig að námið verði heildstætt og nýtist nemendum sem best. Gert er ráð fyrir að tónfræðanám fari alla jafna fram í hóptímum. Jafnframt á tónfræðanám að vera samofið allri hljóðfærekennslu og í nánum tengslum við þau viðfangsefni sem fengist er við í hljóðfæranáminu hverju sinni. Einnig er sjálfsagt að nýta hljóðfæri nemenda í tónfræðakennslunni. Mikilvægt er að skipulag og markviss samvinna kennara tryggi skilning nemenda á tengslum hljóðfæraleiks og tónfræðagreina.

### 6.4 Samleikur og samsöngur

Samleikur og samsöngur er veigamikill hluti tónlistarnáms og mikilsverður vettvangur til að þjálfar nemendur enn frekar, víkka sjóndeildarhring, þroska tónlistarskilning og auka þekkingu nemenda á fjölbreytilegum tónbókmenntum umfram það sem unnt er í annarri kennslu innan skólans. Samleikur og samsöngur hefur ótvírætt félagslegt gildi, eflir samkennd og tillitssemi, þroskar eiginleika til samskipta og samstarfs, jafnframt því að styrkja ábyrgðartilfinningu og sjálfsvitund. Tónlistariðkun í hópstarfi og ánægja af slíku samstarfi er jafnframt hvatning fyrir hvern og einn til framfara í tónlistarnáminu. Mikilvægt er að öllum nemendum gefist kostur á þátttöku í fjölbreyttum samleik og samsöng, bæði í

minni og stærri hópum, svo sem kammerhópum af ýmsum stærðum, hljómsveitum, stórsveitum, kórum, popp-, rokk- og djasshljómsveitum.

## 7 NÁMSMAT Í TÓNLISTARSKÓLA

### 7.1 Markmið námsmats

Mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur alls skólastarfs, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná tiltekinni hæfni aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Námsmat á einnig að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

Skólastjóri og kennarar bera ábyrgð á námsmati innan hvers skóla, bæði einstökum þáttum þess og þeim aðferðum sem beitt er.

### 7.2 Námsmat í skólanámskrám og starfsáætlun skóla

Gera skal grein fyrir námsmatsleiðum og námsmatsviðmiðum í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hver námsmarkmið og námsmatsviðmið eru og hvernig námsárangur er metinn. Þeir sem hlut eiga eru nemendur, foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla. Allir þurfa að geta skilið niðurstöður námsmats á svipaðan hátt. Það er forsenda þess að unnt sé að nýta upplýsingarnar til að bæta nám og kennslu.

### 7.3 Fjölbreyttar matsaðferðir og fjölbreytni í námsmati

Markmið skólastarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim og því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær verða að hafa nemendum, endurspeglu áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópnum. Námsmat þarf að taka tillit til sérþarfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra. Skólum ber að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir hlutaðeigandi nemenda í þessu efni, þeir eiga rétt á að námsmat sé lagað að þörfum þeirra.

Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum. Það þýðir að meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni.

#### 7.3.1 Hæfni

Að beina sjónum að hæfni byggist á nýrri sýn á þekkingu og leikni. Með hæfni er átt við það hvernig einstaklingur notar þekkingu sína og leikni, hún felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni. Hæfni er náskyld þeim markmiðum sem höfð eru að leiðarljósi í námi. Hæfni er alltaf nemendamiðuð og hæfniviðmið eru orðuð þannig að þau vísa til þess sem nemandi á að geta gert. Námsmat byggir á lýsingum á þeirri hæfni sem stefnt er að hjá nemendum.

### 7.4 Almennt um námsmat

Suma námsþætti getur hentað að meta með prófum. Niðurstöður prófa veita upplýsingar um það hvernig nemendum hefur tekist að leysa tiltekin viðfangsefni á ákveðnum tíma og við tiltekna aðstæður, samkvæmt markmiðum og skilgreindum viðmiðum námskrár. Annars konar aðferðir kunna að henta mun betur þegar meta þarf aðra þætti námsins.

Markmiðssetning í samtali og samvinnu milli nemenda og kennara um einstök verkefni eða námið flokkast undir leiðsagnarmat. Hvatt er til þess að sú nálgun sé nýtt á markvissan hátt til að gera nemendur virkari og ábyrgari þátttakendur í eigin námi þar sem leiðsagnarmat hafi vægi með öðru námsmati eða komi í þess stað.

Starfsfólki tónlistarskóla ber að gera nemendum, foreldrum eða forsjáraðilum vandlega grein fyrir því mati sem fram fer í skólanum eigi sjaldnar en árlega.

Óski nemandi eða forráðamaður eftir skriflegri umsögn um stöðu nemanda í námi er tónlistarskólum skylt að verða við slíkri beiðni einu sinni á námsmisseri.

Umsagnir og annan vitnisburð þarf að setja fram á skýran og ótvíræðan hátt þannig að ekki fari á milli mála við hvað er átt. Ef vitnisburður er gefinn með tölum er nauðsynlegt að útskýra hvað þær merkja og hvernig þær eru fengnar.

Skólum er fjálst að ákveða með hvaða hætti niðurstöður námsmats eru birtar nemendum og forráðamönnum þeirra. Æskilegt er að samræma framsetningu vitnisburðar innan hvers skóla.

Flytjist nemandi milli skóla er það á ábyrgð viðtökuskóla að meta stöðu hans í námi. Þetta á við um nemendur sem ekki hafa lokið áfangaprófi eða eru staddir milli áfangaprófa í námi sínu.

## 7.5 Leiðsagnarmat - leiðsagnarnám

### 7.5.1 Leiðsagnarmat

Námsmat á að styðja við nám og kennslu með það að markmiði að bæta námsárangur. Kennarar nýta námsmat sem tæki til að komast nær því hvað hægt er að gera betur, greina og endurskoða nám og kennslu út frá niðurstöðum þess. Námsmat er þannig brú milli náms og kennslu en þróun námsmats hefur færst frá því að meta stöðu nemandans eingöngu á stað og stund (lokamat, oft í formi prófa) að því að skoða námsferlið á heildrænan hátt og aðstoða nemendur við að ná settum markmiðum (leiðsagnarmat, mat á ferli). Fremur en að einblína á námsmat í formi lokamats sem gefið er í tölum eða bókstöfum snýst það í auknum mæli um að virkja nemendur í að setja sér markmið um námsferlið og leggja mat á eigin frammistöðu í samtali við kennara.

### 7.5.2 Leiðsagnarnám

Gildi leiðsagnarmats hefur lengi verið ljóst í skólastarfi en hugtakið leiðsagnarnám er stöðugt að festa sig meira í sessi. Það má segja að það sé framlenging af leiðsagnarmati og aðferðum þess og felur í sér enn frekari samþættingu náms og kennslu. Í leiðsagnarnámi á námsmat sér stað allan námstímann með markvissum hætti, það er samtvinnað námsferlinu og námsmenningu skóla en lærdómsmiðuð námsmenning og þátttaka nemenda er ein meginforsenda leiðsagnarnáms.

Endurgjöf (leiðsögn) er talin áhrifamesta verkfæri kennara og hún er kjarni leiðsagnarnáms. Góð endurgjöf veitir nemendum stuðning og er þeim hvatning til frekari framfara. Það hvernig unnið er með niðurstöður námsmats og þær nýttar til að styðja við nemendur og námsframvindu þeirra hefur sýnt sig hafa meira vægi fyrir nemendur en niðurstöðurnar sjálfar.

Markmið og árangursviðmið þurfa að vera vel skilgreind, mikilvægt er að kennarinn og nemandinn leggi sama skilning í þau. Árangur verður hvað mestur þegar nemendur eiga hlutdeild í skilgreiningu þeirra viðmiða sem lögð eru til grundvallar. Því styttri tími sem líður á milli vinnu nemenda og endurgjafar eykur áhrif hennar. Best fer á því að endurgjöf sé veitt á meðan verkefnum stendur, það gefur nemendum tækifæri á að bæta framfarir sínar.

Í lærdómsmiðaðri námsmenningu er áherslan á að skapa góð tengsl milli kennara og nemenda. Samtal um námið eigi sér stað í jákvæðu og persónulegu andrúmslofti þar sem leitast er við að stuðla að þátttöku og ábyrgð nemenda í námsferlinu og námsmatinu og stuðla þannig að aukinni námshæfni. Námshæfni byggir á áhugahvöt og trú á eigin getu og felur í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni.

Mikilvægt er að horfa til þess hvernig námsmat getur hjálpað nemendum að þekkja sjálfa sig, styrkleika sína og takmarkanir og hvaða leiðir séu til úrbóta. Slík nálgun er mikilvæg til að undirbúa nemendur fyrir framtíðina að lokinni skólagöngu, námsmatið sé sjálfbært.

Lykilþættir í leiðsagnarnámi eru að:

- námsmarkmið og viðmið um árangur eru skýr,
- nýta samtal, spurningar og aðrar námsaðferðir markvisst til að átta sig á skilningi nemenda,
- veita endurgjöf sem vísa nemendum á næstu skref í ferlinu,
- stuðla að samvinnu og stuðningi meðal nemenda,
- stuðla að aukinni ábyrgð og sjálfstæði nemenda.

### 7.5.3 Sjálfsmat

Sjálfsmat er stór þáttur í leiðsagnarnámi en með sjálfsmati ígrunda nemendur reglulega eigið nám og námsframvindu. Kennarar þurfa að styðja markvisst við nemendur til raunhæfs sjálfsmats, að leggja mat á framfarir og hvað hægt er að gera betur. Sjálfsmat eykur virkni nemenda og sjálfstæði og gerir þá ábyrgari fyrir eigin námi. Framfarir geta verið verulegar þegar nemendur hafa fengið þjálfun í að beita sjálfsmati. Sjálfsmat er nemendum hvatning, það eykur sjálfstraust þeirra og jákvæðni í námi.

### 7.5.4 Jafningjamat

Jafningjamat veitir nemendum tækifæri á að skiptast á skoðunum og virkjar samnemendur til gagnkvæms stuðnings og samábyrgðar, eflir samvinnu, hlustun og virkni. Margs konar ávinningur fylgir því þegar nemendur eru uppspretta og gerendur í endurgjöf en líkt og í sjálfsmati kallar það á meiri ígrundun og virkni. Þjálfar þarf nemendur í jafningjamati. Markmið og viðmið þurfa að vera skýr og sameiginlegur skilningur og traust þarf að ríkja innan nemendahópsins.

### 7.5.5 Leiðsagnarnám og tónlistarnám

Tónlistarnám er í eðli sínu einstaklingsmiðað og leiðbeinandi og því rökrétt að flétta leiðsagnarnám við tónlistarnám á markvissan hátt. Mikil tækifæri liggja í auknu vægi leiðsagnarnáms í tónlistarnámi, það mætir nemandanum þar sem hann er staddur og sjónum er beint að því að skoða næstu skref í náminu. Matið og niðurstöður þess verða að leiðarvísi sem beinir nemendum og námi þeirra fram á veginn til frekari árangurs. Nálgun leiðsagnarnáms getur einnig opnað fyrir fjölbreyttari leiðir við lokamat námsáfanga.

## 8 ÁFANGAPRÓF TÓNLISTARSKÓLA

Við lok grunnnáms, miðnáms og framhaldsnáms eiga nemendur kost á því að þreyta áfangapróf. Áfangapróf eru í þremur hlutum en ekki er nauðsynlegt að nemendur ljúki þeim öllum á sama ári. Ef þroski og tónlistarleg hæfni nemanda leyfir, er í sérstökum tilfellum mögulegt að þreyta áfangapróf án þess að hafa lokið fyrra áfangaprófi. Áfangaprófin eru á forræði og ábyrgð tónlistarskólanna.

### 8.1 Tilgangur og skipulag

Tilgangur áfangaprófa er fjölbættur. Þeim er ætlað að afla upplýsinga um nám og kennslu á tilteknum sviðum tónlistarnáms, leggja mat á frammistöðu nemenda í samræmi við markmið og hæfniviðmið aðalnámskrár og gera nemendum grein fyrir eigin frammistöðu í hverjum prófþætti. Áfangapróf í hljóðfæraleik geta ennfremur verið lokapróf úr viðkomandi námsáfanga og geta prófin farið fram hvenær sem er skólaársins.

### 8.2 Framkvæmd áfangaprófa

Áfangapróf í hljóðfæraleik geta farið fram með þrenns konar hætti. Tilgangurinn er að nemendur hafi val um leiðir í áfangaprófunum svo sem flestir þeirra finni leið sem þeim hentar.

Áfangapróf getur farið fram:

- 1) Á hefðbundinn hátt, þar sem allir prófþættir, utan tækniþáttar, eru fluttir að viðstöddum prófdómara á lokuðum viðburði ásamt kennara og skólastjóra eða öðrum aðila skóla.
- 2) Í tónleikaformi þar sem nemandi flytur efnisskrá á opinberum tónleikum innan skólans, að viðstöddum prófdómara, kennara og skólastjóra eða öðrum aðila skóla auk tónleikagesta. Einnig er hægt að dreifa flutningnum á fleiri tónleika yfir allt að 12 mánaða tímabil.
- 3) Sem blandað próf, sambland af hefðbundnu prófi og tónleikaprófi.

### 8.3 Prófþættir áfangaprófa

Prófþættir áfangaprófa í hljóðfæraleik eru þrír:

*Prófþáttur I: Tæknipróf* sem er þreytt innan hvers tónlistarskóla og metið af fagfólki skólanna<sup>9</sup>.

Æskilegt er að tækniprófið sé þreytt sér áður en síðari hluti áfangaprófsins fer fram en það er ekki gerð krafa um það.

Þættir á tækniprófi: Tónstigar og hljómar í samræmi við kröfur greinarnámskrár og æfing.

*Prófþáttur II A Flutningsþáttur:* Nemendur leika að minnsta kosti þrjú ólík verk í samræmi við viðmið greinanámskrár.

*Prófþáttur II B Valþáttur:* Frjáls þáttur þar sem nemandi gefst kostur á að sýna hæfni sína í tónlist á hvaða hátt sem er.

Ef nemandi þreytir tónleikapróf fer það fram á opinberum skólatónleikum, einum eða fleirum. Unnt er að dreifa efnisskrá áfangaprófs, þ.m.t. valþáttar, yfir 12 mánaða tímabil.

*Prófþáttur III Tónfræðapróf*

---

<sup>9</sup> Ítarlegri umfjöllun um prófþætti er að finna í kafla 9

Í tónfræðanámskrá<sup>10</sup> er gerð grein fyrir þeim lágmarkskröfum sem nemendur þurfa að uppfylla til að ljúka framhaldsprófi í tónfræðagreinum. Einnig er gerð grein fyrir einstökum prófþáttum, inntaki þeirra, framkvæmd prófa og lágmarkseinkunn. Á framhaldsprófi skal gefið fyrir próf í einstökum tónfræðagreinum. Til að standast próf þarf lágmarkseinkunnina 6,0 í hverri grein.

## 8.4 Samræming mats og prófdæming

Samræmi í námsmati byggir á þeim hæfniviðmiðum sem lögð eru til grundvallar í aðalnámskrá.

Framkvæmd áfangaprófa er á ábyrgð hvers tónlistarskóla fyrir sig. Á grunnprófi er framkvæmd og námsmat í höndum fagfólks viðkomandi skóla<sup>11</sup>. Á miðprófi og framhaldsprófi er mælt með að utanaðkomandi prófdómari meti prófin en ekki er gerð krafa um það<sup>12</sup>.

Leitast skal við að prófdómari hafi sérþekkingu á það hljóðfæri sem dæmt er hverju sinni.

## 8.5 Mat og endurgjöf

Á áfangaprófum skal gefa skriflegar umsagnir um hvern prófþátt og eina umsögn um heildarsvip prófsins, þar sem dregin er saman niðurstaða fyrri umsagna. Lokaeinkunn er gefin með orðunum: Hæfni náð (staðið) - hæfni ekki náð (fallið). Þar sem ekki er um tölulega einkunnagjöf að ræða er ekki ákveðinn fjöldi eininga tengdur við hvern prófþátt heldur skiptast þær jafnt milli verka

- 1) *Umsögn prófdómara:* Í umsögn prófdómara er lagt mat á frammistöðu nemanda á þeirri stund sem prófið fer fram samkvæmt viðmiðum námskrár.
- 2) *Umsögn kennara:* Kennarar gefa skriflegar umsagnir sem lúta að námsferlinu í aðdraganda prófs og mat á því hvernig til tókst með tilliti til námsferlisins. Velji nemandi að dreifa flutningi yfir lengri tíma er það viðkomandi kennara að leggja mat á heildarsvip.
- 3) *Umsögn fyrir tæknipróf:* Umsögnin, líkt og framkvæmdin, er á höndum fagfólks viðkomandi skóla.

## 8.6 Prófskírteini

Prófskírteini, sem notuð eru á áfangaprófum, eru tvenns konar.

Annars vegar eru vitnisburðarblöð þar sem fram koma umsagnir prófdómara og aðalkennara fyrir viðkomandi prófhluta auk umsagnar um tæknipróf. Vitnisburðarblöð eru í þremur hlutum og skulu afhent nemanda að loknum hverjum prófhluta.<sup>13</sup>

Hins vegar áfangaprófskírteini án umsagna. Þau eru afhent þegar nemandi hefur lokið áfangaprófi að öllu leyti.

## 8.7 Lengd prófa

Til að tryggja að próftími fari ekki fram úr hófi eru sett viðmið um hámarkslengd áfangaprófa. Miða skal við að heildarpróftími á grunnprófi í hljóðfæraleik fari ekki fram yfir 25 mínútur, á miðprófi ekki fram yfir 35 mínútur og framhaldspróf taki ekki lengri tíma en 50 mínútur. Í öllum tilfellum er átt við heildarpróftíma og gert ráð fyrir að prófþættir ásamt eðlilegum hvíldartíma milli prófþátta, rúmist innan gefinna tímamarka.

<sup>10</sup> Mikilvægt er að endurskoða tónfræðinámskrár en námskröfur þykja of miklar og hamla almennri námsframvindu.

<sup>11</sup> Ef aðstæður krefjast, getur fagaðili innan viðkomandi tónlistarskóla, annar en aðalkennari próftaka, séð um mat á áfangaprófum. Það er á höndum skólanna að taka ákvörðun um það hvort um utanaðkomandi prófómara er að ræða eða hvort fagfólk skólanna sjái um matið.

<sup>12</sup> Með utanaðkomandi prófdómara er alla jafna átt við fagaðila úr röðum kennara annarra tónlistarskóla, eða frá prófanefnd tónlistarskóla. Ráðuneytið tekur ekki afstöðu til aðkomu prófanefndar tónlistarskóla að áfangaprófum. Prófanefndin er alfarið á vegum tónlistarskólanna.

<sup>13</sup> Tæknipróf, hljóðfærapróf, tónfræðipróf

## 8.8 Tónfræðapróf

Í tónfræðanámskrá er gerð grein fyrir þeim lágmarksviðmiðum sem nemendur þurfa að uppfylla til að ljúka áfangaprófum í tónfræðagreinum. Einnig er gerð grein fyrir einstökum prófpáttum, inntaki þeirra, framkvæmd prófa og lágmarkseinkunn.

Á framhaldsprófi skal gefið fyrir próf í einstökum tónfræðagreinum<sup>14</sup>. Til að standast próf þarf lágmarkseinkunnina 6,0.

## 8.9 Framhaldspróf í hljóðfæraleik

Nemendur geta valið um að þreyta framhaldspróf á tvenns konar hátt.

- 1) Í formi tónleika að viðstöddum prófdómara, kennara og öðrum aðila skóla auk tónleikagesta.
- 2) Í hefðbundnu prófaformi, lokuðu prófi með prófdómara, kennara og öðrum aðila skóla.

Nemandi leiki 30–50 mínútna langa efnisskrá.

## 8.10 Námslok

Til að ljúka framhaldsprófi tónlistarskóla þurfa nemendur að standast próf í hljóðfæraleik og tónfræðagreinum samkvæmt námskrám<sup>15</sup>.

## 8.11 Prófreglur hljóðfæra og tónfræðiprófa

### 8.11.1 Almennar prófreglur

1. Kennarar bera faglega ábyrgð á undirbúningi nemenda og á því að meta hvenær þeir eru tilbúnir til að þreyta áfangapróf í hljóðfæraleik og tónfræðum.

2. Til að standast áfangapróf þarf að standast bæði próf í hljóðfæraleik og tónfræðagreinum. Í hljóðfæraleik birtist niðurstaðan sem staðið eða fallið, en í tónfræðagreinum er krafist lágmarkseinkunnarinnar 6,0.

3. Kennurum ber að útskýra fyrir nemendum og foreldrum hvað niðurstöður hljóðfæra- og tónfræðaprófa merkja.

4. Komi til ágreinings um umsögn eða einkunnagjöf eiga nemandi og foreldri rétt á að fá ítarlegar útskýringar á forsendum og niðurstöðum mats, bæði í hljóðfæra og tónfræðaprófum.

5. Heimilt er að halda próf í gegnum fjarfundarbúnað ef fjarlægð frá prófstað, slæmt veður eða samgönguörðugleikar innan sveitarfélags torvelda prófahald. Ef óskað er eftir að nýta fjarfundarbúnað af ofangreindum ástæðum skal það tilkynnt með nægjanlegum fyrirvara.

### 8.11.2 Prófreglur hljóðfæraprófa

1. Við val prófverkefna skal þess gætt að lengd prófsins sé í samræmi við tímamörk aðalnámskrár. Miðað er við að prófverkefni séu leikin til enda.

2. Þyngd prófverkefna þarf að vera í samræmi við markmið og viðmið námskrár.

---

<sup>14</sup> Tónlistasögu, hljómfæði, tónheyrn

<sup>15</sup> Skoða þarf námskröfur í tónfræðigreinum en þær hafa þótt of miklar og að þær seilist um of uppá háskólastigið

3. Tækniþáttur áfangaprófa er í umsjón hvers skóla fyrir sig. Skólar ákveða umfang prófanna með hliðsjón af markmiðum aðalnámskrár um leik tónstiga, brotinn hljóma og annarra tækniatriða. Viðmið um kunnáttu og leikni er að finna í greinanámskrám.
4. Nemandi ræður röð prófverkefna.
5. Áfangapróf á grunnstigi eru á ábyrgð fagfólks viðkomandi tónlistarskóla en skólarnir geta kallað eftir utanaðkomandi prófdómara kjósi þeir það.
6. Áfangapróf á miðstigi og framhaldsstigi eru metin af utanaðkomandi prófdómurum sé þess kostur en það er ekki ófrávíkjanleg krafa.
7. Verkefnalisti prófsins skal lagður fyrir prófdómara fyrir upphaf prófs.
8. Kennari er viðstaddur áfangapróf ásamt skólastjórnanda skólans eða öðrum völdum aðila innan hans.
9. Framkoma allra viðstaddra við próf skal taka mið af því að skapa gott og öruggt andrúmsloft í prófi og skal matið einkennast af hlutleysi og fagmennsku.
10. Prófdómara ber að gera nemendum grein fyrir mati sínu á hverjum þætti prófsins með skriflegri umsögn. Umsögnin skal vera leiðbeinandi og uppbyggileg, horfa skal til þess sem vel er gert en einnig þess sem betur má fara ef við á.

*Nánari prófreglur um tónfræðapróf er að finna í tónfræðanámskrá.*

## 9 SKIPULAG OG INNTAK ÁFANGAPRÓFA TÓNLISTARSKÓLA

Við lok grunn-, mið- og framhaldsnáms eiga nemendur kost á því að þreyta áfangapróf.

### 9.1 Prófpáttur I: Tæknipróf tónlistarskóla

Prófin fara fram innan tónlistarskóla og eru metin af fagfólki þeirra. Prófin eru í tveimur liðum.<sup>16</sup>

- 1) Tónstigar og hljómar
- 2) Æfing

Tæknipróf eru skipulögð, framkvæmd og metin af tónlistarskólunum sjálfum og skal framkvæmd þeirra vera vel útskýrð í skólanámskrá. Meðal þess sem skólar geta ákveðið eru ákvarðanir um leikmáta, hraða og hversu margir tónstigar, brotnir hljómar og önnur tæknileg atriði skuli flutt á tækniprófi. Skólar geta einnig ákveðið hvort að tæknipróf séu þreytt í einu lagi, í tengslum við áfangapróf, eða yfir lengri tíma og þá sem hluti af öðru námsmati viðkomandi skóla.

Miða skal við að nemandi sem lýkur tækniprófi:

- á grunnstigi hafi á valdi sínu 10 tóntegundir (dúr/ moll, #/b)
- á miðstigi hafi á valdi sínu 18 tóntegundir (dúr/ moll, #/b)
- á framhaldsstigi hafi allar tóntegundir á valdi sínu

Alla tónstiga skal leika frá grunntóni að grunntóni.

Fyrir tæknipróf ákveður kennari í samráði við nemanda hvaða tónstigar og tækniatriði eru undirbúin fyrir prófið með hliðsjón af viðmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár.

Rytmískt nám: Á tækniprófi í rytmísku námi er verið að prófa tæknilega færni nemenda án flutnings á fullkláruðum verkum. Tækniþáttur inniheldur tónstiga, brotna hljóma, æfingar, nótnalestur og upprit.

#### 9.1.2 Æfing

Hér geta nemendur sýnt fram á hæfni í tónlistarflutningi sem tengist inntaki tækniþáttar og setur hann í tónlistarlegt samhengi.

#### 9.1.3 Útdrættir úr hljómsveitarverkum

Gerri greinanámskrá ráð fyrir að nemendur þjálfist í leik útdratta úr hljómsveitarverkum skal prófa sérstaklega í þeim námsþætti á tækniprófi framhaldsprófs. Um er að ræða útdrætti úr hljómsveitarverkum þar sem viðkomandi hljóðfæri gegnir veigamiklu hlutverki. Undirbúa skal staði úr þremur tónverkum og leikið er eftir nótum. Prófdómari velur hvað leikið er á prófinu.

### 9.2 Grunnpróf tónlistarskóla

Grunnpróf tónlistarskóla er þríþætt; tæknipróf, hljóðfærapróf og tónfræðapróf. Til að ljúka grunnprófi þarf að standast alla þætti grunnprófsins. Ekki þarf að ljúka öllum þáttum á sama árinu.

Velja skal verkefni á áfangaprófum með hliðsjón af viðeigandi greinanámskrá. Gæta skal þess að verkefnaval sé fjölbreytt, taki tillit til áhugasviðs nemanda og sýni vel getu og hæfni nemandans á sviði tónlistarflutnings.

---

<sup>16</sup> Á tækniprófi framhaldsstigs hljómsveitarhljóðfæra bætist við útdrættir úr hljómsveitarverkefnum í samræmi við kröfur greinanámskrár.

### 9.2.1 Prófpáttur II Hljóðfærapróf

Miða skal við að heildarpróftími á grunnprófi í hljóðfæraleik fari ekki fram yfir 20 mínútur. Á prófinu skal nemandi að minnsta kosti flytja eitt verk utanbókar samkvæmt prófpætti 1.

#### Prófpættir eru þessir:

1. Flutningsþáttur (tónlistarflutningur): Að minnsta kosti þrjú ólík verk í samræmi við kröfur greinanámskrár. Allt að tvö verkanna sem flutt eru geta verið samleiksverk.
2. Valþáttur: Frjáls hluti áfangaprófs þar sem nemandi getur sýnt hæfni sína í tónlist á hvaða hátt sem er. Það getur verið í formi spuna, tónsköpunar, samleiks með kennara eða samnemendum, tónlistarflutnings þvert á stíltegundir, leiks á systurhljóðfæri, eða hvað annað sem kennari og nemandi koma sér saman um.

Próf í einsöng, slagverksleik og rytmísku námi falla ekki algjörlega að þessum prófpáttum. Nánar er gerð grein fyrir útfærslu prófpátta í þessum greinum í viðkomandi greinanámskrám.

## 9.3 Miðpróf tónlistarskóla

Miðpróf tónlistarskóla er þríþætt; tæknipróf, hljóðfærapróf og tónfræðapróf. Til að ljúka miðprófi þarf að standast alla þætti prófsins. Ekki þarf að ljúka þeim öllum á sama árinu.

### 9.3.1 Prófpáttur II Hljóðfærapróf

Miða skal við að heildarpróftími á miðprófi í hljóðfæraleik fari ekki fram yfir 35 mínútur. Á prófinu skal nemandi að minnsta kosti flytja eitt verk utanbókar samkvæmt prófpætti 1.

#### Prófpættir eru þessir:

1. Flutningsþáttur (tónlistarflutningur): Að minnsta kosti þrjú ólík verk í samræmi við kröfur greinanámskrár. Allt að tvö verkanna sem flutt eru geta verið samleiksverk.
2. Valþáttur: Frjáls hluti áfangaprófs þar sem nemandi getur sýnt hæfni sína í tónlist á hvaða hátt sem er. Það getur verið í formi spuna, tónsköpunar, samleiks með kennara eða samnemendum, tónlistarflutnings þvert á stíltegundir, leiks á systurhljóðfæri, eða hvað annað sem kennari og nemandi koma sér saman um. Einnig er möguleiki á að leika verk af sambærilegri þyngd og önnur miðstigsprófsverkefni.

Próf í einsöng, slagverksleik og rytmísku námi falla ekki algjörlega að þessum prófpáttum. Nánar er gerð grein fyrir útfærslu prófpátta í þessum greinum í viðkomandi greinanámskrám.

## 9.4 Framhaldspróf tónlistarskóla

Framhaldspróf tónlistarskóla er þríþætt; hljóðfærapróf, tónfræðapróf og tæknipróf. Til að ljúka framhaldsprófi þarf að standast alla þætti prófsins. Ekki þarf að ljúka þeim öllum á sama árinu.

Nemandi leiki 30–50 mínútna langa efnisskrá.

### 9.4.1 Prófpáttur II Hljóðfærapróf

Nemendur geta valið um að þreyta framhaldspróf á tvenns konar hátt:

- 1) Í formi tónleika að viðstöddum prófdómara, kennara og öðrum aðila skóla auk tónleikagesta.
- 2) Í hefðbundnu prófaformi, lokuðu prófi með prófdómara, kennara og öðrum aðila skóla.

Miða skal við að heildarpróftími á framhaldsprófi í hljóðfæraleik fari ekki fram yfir 50 mínútur. Á prófinu skal nemandi að minnsta kosti flytja eitt verk utanbókar samkvæmt prófpætti 1.

Prófpættir eru þessir:

1. Flutningsþáttur: Að minnsta kosti 3 ólík verk í samræmi við kröfur greinanámskrár. Allt að tvö verkanna sem flutt eru geta verið samleiksverk.

2. Valþáttur: Frjáls hluti áfangaprófs þar sem nemandi getur sýnt hæfni sína í tónlist á hvaða hátt sem er. Það getur verið í formi spuna, tónsköpunar, samleiks með kennara eða samnemendum, tónlistarflutnings þvert á stíltegundir, leiks á systurhljóðfæri, eða hvað annað sem kennari og nemandi koma sér saman um. Einnig er möguleiki á að leika verk af sambærilegri þyngd og önnur framhaldsprófsverkefni.

## 9.5 Prófpáttur III Tónfræðipróf

Námsmatsviðmið á áfangaprófum í tónfræðagreinum miðast við þekkingu og færni nemenda við lok hvers áfanga. Í tónfræðanámskrá er gerð nánari grein fyrir einstökum prófpáttum, inntaki þeirra og framkvæmd prófanna.

## 9.6 Heildarsvipur

Í öllum prófgerðum skal leggja mat á heildarsvip flutnings auk hvers matsþáttar<sup>17</sup>.

# 10 MAT Á SKÓLASTARFI

Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og barnamála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

## 10.1 Innra mat

Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla. Í hverjum skóla skal móta skýra stefnu í samræmi við skólanámskrá, skólastefnu sveitarfélags og starfsáætlun skólans. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir áherslum og áætlunum um innra mat.

Í hverjum skóla ber að meta árangur og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Ýmsar leiðir eru færar við mat skóla á eigin starfi en mikilvægt er að það kerfi, sem unnið er eftir, henti skólastarfi viðkomandi skóla. Í vinnu við innra mat skal gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi

## 10.2 Ytra mat

Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess eins og það er á hverjum tíma. Sjónum er beint að ýmsum þáttum í innra starfi skóla, svo sem stjórnun, kennslu, þróunarstarfi, samstarfi og samskiptum í skólanum, námsárangri og tengslum skólans við samfélagið.

---

<sup>17</sup> Í þeim tilvikum sem prófin fara fram yfir lengra tímabil leggur kennari mat á heildarsvip.

Ráðuneytið gerir áætlun fyrir hverja úttekt þar sem fram kemur tilgangur úttektar, helstu viðmið og áherslur. Það fær óháða sérfræðinga til að sjá um framkvæmd úttekta og fer val á þeim samkvæmt verklagsreglum ráðuneytisins. Skólum, og eftir atvikum sveitarstjórnunum, er gert viðvart skriflega um væntanlega úttekt með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Samkvæmt 12. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum, skal mennta- og barnamálaráðuneytið hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu. Í þessu felst meðal annars faglegt mat og öflun upplýsinga um starfsemi tónlistarskóla, t.d. með sérstökum úttektum. Jafnframt er hvatt til þess að í tónlistarskólum fari fram innra mat á skólastarfi með sambærilegum hætti og í almennum skólum.

Mikilvægt er að meta fleiri þætti skólastarfs en framfarir og árangur nemenda. Kennarar þurfa að meta störf sín og endurskoða í samræmi við niðurstöðurnar. Einnig er nauðsynlegt að meta reglulega aðstöðu, gögn, skólanámskrá og starfshætti innan skólans. Jafnt og þétt þarf að meta samskipti og tengsl við foreldra, stofnanir og aðra aðila, ekki síður en innan starfsliðs skólans. Síðast en ekki síst er mikilvægt að reglulega sé metið hvernig tekist hefur að ná samfélagslegum markmiðum aðalnámskrár sem og staðbundnum markmiðum

## 11 SAMVINNA Í SKÓLASTARFI

Samvinna er lykilatriði í öllu skólastarfi, órjúfanleg frá námi og kennslu. Fjölbætt samvinna er fastur liður í innra starfi skóla en margvíslegt samstarf á sér jafnframt stað við aðila utan veggja skólans. Samvinna getur aukið fjölbreytni í skólastarfinu, auðgað samfélagið og verið skólunum og samstarfsaðilum þeirra til heilla.

### 11.1 Samstarf tónlistarskóla og leikskóla

Samvinna tónlistarskóla og leikskóla getur verið báðum aðilum styrkur í starfi. Samstarfið má skipuleggja með ýmsu móti eftir aðstæðum hverju sinni. Nefna má heimsóknir leikskólabarna í tónlistarskóla og tónlistarnema í leikskóla, tónlistarflutning ýmiss konar og samvinnu um reglulegt tónlistaruppeldi leikskólabarna. Við upphaf náms ungra barna í tónlistarskólum er æskilegt að taka tillit til þeirrar tónlistarreynslu sem nemendur hafa úr leikskóla.

### 11.2 Samstarf tónlistarskóla og grunnskóla

Í grunnskólum fer fram skyldunám sem er skilgreint í aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinum er skipt í sviðslistir, þ.e. dans og leiklist, sjónlistir og tónmennt. Hver skóli skipuleggur kennslu listgreina og ákveður hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt, aðgreind námskeið í styttri tíma þannig að þær hafi meira vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil eða dreift jafnt yfir allan veturinn. Þannig skal að jafnaði skal miða við að sviðslistir, sjónlistir og tónmennt séu kennd á öllum aldurstigum eins og viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla segir til um.

Tengsl og samstarf milli tónlistarskóla og grunnskóla geta verið tvenns konar, annars vegar fagleg og hins vegar skipulagsleg. Meðal faglegra tengsla má einkum nefna sameiginleg markmið, sum almenns eðlis á sviði uppeldis, svo sem að fræða, miðla þekkingu og stuðla að alhliða þroska nemenda, ekki síst tilfinninga- og félagsþroska. Önnur sameiginleg markmið lúta að námi og kennslu, ekki síst að veita nemendum tækifæri til að iðka tónlist, njóta hennar og fást við skapandi starf. Leiðir skólanna að markmiðum eru hins vegar með nokkuð mismunandi hætti og kemur það fram í innra starfi þeirra.

Skipulag samstarfs tónlistarskóla og grunnskóla getur verið með ýmsum hætti svo sem sameiginleg einstök verkefni, t.d. listkynningar, hátíðir, leikrit, söngleiki og þemaverkefni. Einnig getur verið um að

ræða gagnkvæmar heimsóknir, hljóðfærakynningar í grunnskólum, sameiginlegan kór eða hljómsveit, samnýtingu húsnæðis, tækjakosts og skólaaksturs eða jafnvel samkenndu nemenda. Vettvangur fyrir afrakstur af samstarfi skólanna er einkum tónleikar og aðrir menningarviðburðir þar sem nemendur skólanna leggja sitt að mörkum með flutningi tónlistar af ýmsu tagi.

Fari kennsla á vegum tónlistarskóla fram innan grunnskóla og í húsnæði hans þarf samvinna að vera markviss og vel skipulögð. Mikilvægt er að tónlistarkennslan örvi og styrki lögbundið skyldunám í tónmennt jafnframt því að efla tónlistarlíf skólans og nærsamfélagsins.

Nemendur 9. og 10. bekkjar geta óskað eftir að fá tónlistarnám metið sem valgrein í grunnskóla.

### 11.3 Samstarf tónlistarskóla og framhaldsskóla

Markmiðskafli aðalnámskrár leggur áherslu á að tónlistarskólar þjóni öllum þeim sem sækjast eftir tónlistarnámi. Þannig ættu nemendur á framhaldsskólaaldri að eiga þess kost að kynnast tónlist og tónlistariðkun í tónlistarskólum landsins engu síður en yngri nemendur. Hvatt er til þess að tónlistarskólar komi til móts við þroska, þarfir og óskir þessa aldurshóps með fjölbreyttu og vönduðu námsframboði, hvort heldur um er að ræða byrjendur eða lengra komna nemendur.

#### 11.3.1 Framhaldsskólar og tónlistarnám

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 bera framhaldsskólar ábyrgð á námskrágerð. Skólarnir gera tillögur um fyrirkomulag, samhengi og inntak náms í samræmi við viðmið, sniðmát og reglur um gerð námsbrautalýsinga sem fram koma í aðalnámskrá framhaldsskóla. Námslok námsbrauta í framhaldsskóla raðast á hæfniprep í samræmi við kröfur um hæfni nemanda að loknu námi. Mat á námi milli skóla er á ábyrgð viðtökuskóla. Framhaldsskólar setja fram verklagsreglur um mat á námi nemenda úr öðrum skóla. Á það við tónlistarnám sem og annað nám.

### 11.4 Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna

Starfsfólk tónlistarskóla á að þekkja til samvinnu á grundvelli laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Í því felst meðal annars að geta vísað börnum og foreldrum sem stunda nám við skólann á tengilið í þeirra nærumhverfi ef vísbendingar eru um að barn þurfi þjónustu sem tónlistarskólar geta ekki veitt. Ef barn er með stuðningsteymi getur starfsfólk tónlistarskóla tekið þátt í teymisvinnu á grundvelli laganna.

### 11.5 Samstarf við aðra tónlistarskóla

Samvinna tónlistarskóla getur verið margvísleg og fer meðal annars eftir staðsetningu skólanna, eðli þeirra og áherslum í starfi. Samstarf af þessu tagi eykur fjölbreytni og möguleika í skólastarfi og hefur gjarnan hagræðingu í för með sér. Sem dæmi um samstarfsverkefni má nefna hljómsveitarstarf, námskeiðahald, gagnkvæmar heimsóknir, tónleika og hátíðir, Stjórnendur og starfsfólk tónlistarskóla eru hvattir til að hafa vakandi auga fyrir möguleikum á þessum sviðum.

### 11.6 Samstarf við aðra aðila

Tónlistarskólar gegna fjölbreyttu mennta- og menningarhlutverki. Til að uppfylla þau markmið er nauðsynlegt að tónlistarskólarnir hafi samvinnu við ýmsar mennta- og menningarstofnanir. Samstarfsmöguleikar eru margvíslegir og breytilegir eftir staðháttum. Samstarfið getur bæði beinst að einstökum afmörkuðum verkefnum eða verið fjölþættara og náð yfir lengri tímabil. Samstarfsaðilar geta til dæmis verið aðrir listaskólar, listamenn, söfn, kirkjur, sjúkrahússtofnanir, félagsstarf aldraðra og ýmis félagsamtök, svo sem íþróttafélög og leikfélög.

## 12 NÁMSUMHVERFI

Aðbúnaður og umhverfi í tónlistarskólum getur haft mikil áhrif á námsárangur nemenda sem og á viðhorf og líðan allra sem í skólunum starfa. Húsnæðisþörf skóla fer að miklu leyti eftir nemendafjölda og námsframboði á hverjum stað. Þó er ákveðin lágmarksaðstaða mikilvæg í öllum tónlistarskólum sem uppfylla eiga kröfur aðalnámskrár. Nemendafjöldi og námsframboð ákvarðar einnig að nokkru leyti þörfina fyrir tækjakost og hljóðfæraeign. Ákveðinn lágmarkskjarni hljóðfæra og kennslutækja er þó mikilvægur eigi skóli að geta haldið uppi þeirri kennslu sem aðalnámskrá gerir kröfu um.

### 12.1 Húsnæði<sup>18</sup>

Það er mikilvægt að búið sé eins vel að hverjum tónlistarskóla og kostur er. Gera má ráð fyrir að kennslurými í tónlistarskólum sé í ýmsum tilfellum nýtt fyrir margs konar kennslu, t.d. að tónleikar, tónfræðakennsla og samleikur fari fram í sal, og er þá nauðsynlegt að taka mið af þeirri fjölbættu kennslu við hönnun húsnæðisins. Þegar ekki er um sérhannað húsnæði til tónlistarkennslu að ræða er mikilvægt að laga aðstöðuna að þörfum tónlistarskóla.

### 12.2 Búnaður

Mikilvægt er að tónlistarskólar búi yfir góðum hljóðfæra og tækjakosti. Tónlistarskólar eru hvattir til þess að fylgjast vel með möguleikum tækninnar og bjóða nemendum og kennurum greiðan aðgang að viðeigandi búnaði. Húsgögn þurfa að vera af hentugri stærð fyrir nemendur og taka mið af réttum vinnustellingum. Mikilvægt er að huga reglulega að viðhaldi og endurnýjun hljóðfæra skólans, tækja og húsgagna.

## 13 RÉTTINDI, SKYLDUR, MEÐFERÐ MÁLA OG UPPLÝSINGA

### 13.1 Réttindi og skyldur nemenda

Nemendur eiga rétt á kennslu við sitt hæfi. Nemendur eiga rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og að tekið sé tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Starfsfólk tónlistarskóla á að fylgjast með vísbindingum um að þörfum nemenda sé ekki mætt og bregðast við þeim. Nemendur skulu sækja kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Í skólanámskrá skal gerð grein fyrir réttindum og skyldum nemenda og hvernig farið er með frávik frá skólasókn. Þar skal meðal annars koma fram hvernig brugðist er við veikindum nemenda og öðrum óhjákvæmilegum forföllum.

### 13.2 Meðferð upplýsinga um nemendur

Gögn í vörslu skóla, sem hafa að geyma persónulegar upplýsingar um nemendur, skal farið með í samræmi ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Óski foreldrar eða forsjáraðilar nemanda, sem er yngri en 18 ára, eftir upplýsingum frá tónlistarskóla um námsframvindu, skólasókn eða annað sem tengist barni þeirra sérstaklega þá ber skólastjórnendum að veita þær upplýsingar. Þegar nemandi hefur náð sjálfræðisaldri er einungis heimilt að veita honum sjálfum, eða þeim sem nemandinn veitir skriflegt umboð, persónulegar upplýsingar úr gagnasafni skólans<sup>19</sup>.

<sup>18</sup> Sjá nánar í viðauka

<sup>19</sup> Í þeim tilfellum sem nemandi getur ekki gefið skriflegt umboð þarf að veita forráðamönnum eða öðrum umsjáraðilum viðkomandi nemanda heimild til að taka við persónulegum upplýsingum í samræmi við persónuverndarlög.

### 13.3 Meðferð mála

Leitast skal við að leysa ágreiningsmál innan skóla. Skrá skal feril máls og halda gögnum til haga þegar ágreiningur kemur upp innan skólans eða þegar um brot á reglum um réttindi og skyldum nemenda er að ræða. Æskilegt er að fram komi í skólanámskrá hvernig bregðast á við ágreiningi, meðal annars um niðurstöður námsmats og prófa.

### 13.4 Samskipti nemenda og starfsfólks skóla

Telji nemandi eða foreldrar eða forsjáraðilar hans, sé nemandinn yngri en 18 ára, að brotið hafi verið á rétti nemandans þannig að ástæða sé til að bera fram kvörtun skulu þeir snúa sér til viðkomandi kennara. Takist ekki að leysa málið tekur skólastjóri það til umfjöllunar og ákvarðar um viðbrögð.

### 13.5 Brottvikning úr skóla

Áður en nemanda er vikið úr skóla skal hann hafa fengið skriflega viðvörðun frá skólastjóra nema ástæða brottvikningar sé eitt alvarlegt atvik sem er þess eðlis að ekki er hægt að bæta úr því. Áður en nemanda er vikið úr skóla skal hann alltaf fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skólastjóra. Endanleg brottvikning úr skóla er á ábyrgð skólastjóra.

## 14 TENGSL HEIMILIS OG SKÓLA

Starfsfólk tónlistarskóla, nemendur og foreldrar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman að mótun þessa samfélags. Til þess að það gangi vel þarf að ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið.

Foreldrar og forsjáraðilar barna bera ábyrgð á uppeldi þeirra. Tónlistarskólar bjóða fram menntunartækifæri og taka þátt í uppeldishlutverki foreldra og forsjáraðila. Tónlistarmenntun og farsæld nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti, upplýsingamiðlun beggja aðila, sameiginlegum ákvörðunum og samábyrgð.

Foreldrar skulu eiga kost á að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt. Það er skylda foreldra að veita tónlistarskóla upplýsingar um barnið sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð þess. Foreldrar bera ábyrgð á því að börn þeirra sinni því heimanámi sem skólinn og foreldrar hvers einstaks barns hafa orðið ásátt um.

Mikilvægt er að traust samstarf sé milli heimila og skóla um skólastarfið í heild, t.d. um meginviðmiðanir í hegðun og umgengni, skólabrag, áhersluatriði í skólanámskrá. Gert er ráð fyrir að foreldrar taki þátt í mótun skólasamfélagsins og vinni þannig að því með stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki skóla að koma markmiðum skólastarfs í framkvæmd.

### 14.1 Samskipti heimilis og skóla

Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf stuðlar að trausti milli foreldra og starfsfólks skóla og hjálpar þeim að deila ábyrgð og taka ákvarðanir sem lúta að velferð nemenda. Með kynnum foreldra af daglegu starfi í tónlistarskólanum og skipulegri samvinnu um skólastarfið aukast líkur á virkri þátttöku foreldra í tengslum við ákvarðanir og ábyrgð. Aukin hlutdeild foreldra stuðlar að bættem námsárangri barna og bættri líðan þeirra. Brýnt er að tónlistarskólar gefi reglulega skýrar upplýsingar um skólastarfið og áætlanir sem liggja fyrir um starfsemi skólans. Þetta má gera með ýmsum hætti, t.d. í foreldraviðtölum, á sameiginlegum kynningarfundum með foreldrahópum, í skólanámskrá, gegnum rafræn samskiptaforrit og á vefsíðu skólans. Foreldrar skulu upplýsa skólann sem best um hagi barnsins og almennan þroska og greina frá þeim þáttum sem geta haft áhrif á líðan þess og frammistöðu í skólanum.

## 14.2 Foreldrafélög

Við tónlistarskóla skal vera vettvangur fyrir samstarf foreldra. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun foreldrafélags eða foreldrafélaga og sér til þess að félög fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélaga er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélög hvers skóla setja sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins.

Ákvarðanataka í skólamálum hefur færst nær foreldrum en það undirstrikar þörf fyrir formlegan samstarfsvettvang þeirra. Vel rekin og virk foreldrafélög við hvern skóla gefa foreldrum kost á margvíslegum tækifærum til að stuðla að og viðhalda góðum skólabrag og kynnast öðrum foreldrum, nemendum og starfsfólki skóla. Foreldrar hafa þar vettvang til að ræða saman um skólagöngu barnanna og hvað eina sem varðar uppeldi og menntun.

## 14.3 Nemendur með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn

Góð móttaka nýrra nemenda með íslensku sem annað tungumál skiptir sköpum við upphaf skólagöngu í tónlistarskóla. Tónlistarskólum ber að fylgja móttökuáætlun, sinni eigin eða sveitarfélagsins, sem byggir á bakgrunni nemenda, tungumálafærni og fyrri skólagöngu. Auk þess að taka mið af hæfni á ýmsum námssviðum og styrkleikum hvers og eins. Í móttökuvíðtali skal lögð áhersla á heildræna móttöku nemenda og foreldra. Þar gefst nemanda og foreldrum tækifæri til að upplýsa skólann um þarfir, menningu og stöðu nemandans.

Mikilvægt er að foreldrar með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn fái góða kynningu á skólanum og íslenskum skólastarfi, t.d. væntingar um samstarf heimilis og tónlistarskóla. Þeir skulu upplýstir um leiðir sem þeir geta sjálfir farið til að styðja við nám barna sinna. Einnig fái þeir upplýsingar um rétt á túlkajónustu sem leið til að tryggja að allar upplýsingar skili sér milli skóla og heimilis.

Fjölbreyttur menningarbakgrunnur nemenda og foreldra þeirra skapar ýmis tækifæri til náms fyrir allt skólasamfélagið. Leita skal leiða til að kynna fyrir skólasamfélaginu mismunandi menningu og tungumál og stuðla þannig að gagnkvæmri aðlögun, víðsýni og þroska.

## 14.4 Fatlaðir nemendur og aðrir nemendur með stuðningþarfir

Góð móttaka fatlaðra nemenda og annarra nemenda með stuðningsþarfir skiptir sköpum við upphaf skólagöngu í tónlistarskóla. Tónlistarskólum ber að fylgja móttökuáætlun, sinni eigin eða sveitarfélagsins, sem byggir á bakgrunni nemenda og greiningu á stuðningsþörfum hans. Auk þess að taka mið af hæfni á ýmsum námssviðum og styrkleikum hvers og eins. Í móttökuvíðtali skal lögð áhersla á heildræna móttöku nemenda og foreldra. Þar gefst nemanda og foreldrum tækifæri til að upplýsa skólan um þarfir og stöðu nemandans.

## VIÐAUKI Húsnæði og búnaður

Við hönnun og val á húsnæði fyrir tónlistarkennslu þarf að huga sérstaklega að hljómburði, hljóðeinangrun, loftræstingu og lýsingu. Mikilvægt er einnig að góð nettenging sé í öllum kennslurýmum. Einnig þarf ætíð að gera ráð fyrir greiðu aðgengi fatlaðra.

**Hljóðfærakennslustofur** þurfa að vera nægilega stórar til þess að þar megi, auk hljóðfærakennslu, koma fyrir samleik lítilla hópa. Að minnsta kosti eina hljóðfærakennslustofu þarf fyrir hverja 25 nemendur.

**Hópkennslustofur** þurfa að rúma 10–20 nemendur, hljóðfæri, þ.m.t. flygil eða píanó, húsgögn, kennslugögn og tæki. Einnig verður að gera ráð fyrir rými fyrir ýmis minni hljóðfæri, tónlistarflutning og hreyfingu nemenda. Að minnsta kosti eina hópkennslustofu þarf í hverjum tónlistarskóla. Miða má við að eina slíka stofu þurfi að jafnaði fyrir hverja 140 nemendur.

**Salur** fyrir tónleika, tónfundi, samæfingar nemenda og kennslu er nauðsynlegur í öllum tónlistarskólum. Salurinn þarf að hafa góðan hljómburð, loftræstingu, stillanlega lýsingu og rúma lofthæð.

**Samspilsstofa** þarf að vera rúmgóð og vel hljóðeinangruð. Ef nota á stofuna fyrir ýmiss konar samspil er æskilegt að gera ráð fyrir að unnt sé að breyta hljómburði eftir þörfum hverju sinni, t.d. með færanlegum tjöldum, flekum eða gólfmottum. Ef nota á stofuna fyrir rytmíska tónlist þarf hún að rúma trommusett og önnur samleikshljóðfæri ásamt mögnurum, hljóðkerfi og hljómflutningstækjum, auk flygils. Slagverksstofa þarf að vera sérstaklega vel hljóðeinangruð og geta rúmað mörg og stór slagverkshljóðfæri.

**Skólasafn** þar sem koma má fyrir nótum skólans, hljóðritasafni, bókum um tónlist og tónlistarkennslu, uppflettiritum, tímaritum o.fl. Einnig þarf að gera ráð fyrir aðstöðu nemenda til lestrar, hlustunar og annarrar vinnu.

**Hljóðver** sem kennsluástaða, upptökuástaða og gagnasmiðja ætti að vera í sem flestum skólum.

**Æfingaherbergi** Í skólum þar sem kennt er á fágæt hljóðfæri, svo sem orgel, sembal og slagverk, þarf að vera hægt að bjóða nemendum upp á fullnægjandi æfingaaðstöðu.

**Skrifstofa** þarf að rúma allan venjulegan skrifstofubúnað, vera á heppilegum stað og með greiðu aðgengi. Séraðstöðu þarf fyrir skólastjóra og yfirkennara.

**Kennarastofa** með eldhúsaðstöðu. Stærð kennarastofu þarf að taka mið af fjölda kennara við skólann.

**Vinnuástaða** kennara með tölvubúnaði og ljósritunaraðstöðu.

**Snyrtiaðstaða** þarf að vera bæði fyrir nemendur og kennara.

## Hljóðfæri, tækjakostur og kennslugögn

**Láns- og leiguhljóðfæri** Mælt er með því að tónlistarskólar eigi ýmis blásturshljóðfæri og strengjahljóðfæri í barnastærðum og leigi eða láni nemendum, einkum byrjendum í hljóðfæranámi. Sama á við ef kennt er á mjög dýr eða fágæt hljóðfæri, t.d. fagott eða túbu. Einnig er æskilegt að skólar eigi hljóðfæri sem þörf er á vegna samspils, svo sem óalgengar stærðir af blokkflautum, klarínettum og

saxófónum. Ef boðið er upp á kennslu á stór og þung hljóðfæri, svo sem hörpu, kontrabassa, túbu og slagverkshljóðfæri, þurfa þau að vera í eigu skólans.

**Hljóðfærakennslustofur** Æskilegt er að flyglar séu í píanókennslustofum en píanó eða flyglar í öðrum stofum. Stillanlegir píanóbekkir þurfa að fylgja öllum flyglum og píanóum.

**Hópkennslustofur** Í hópkennslustofum þurfa að vera eftirtalin hljóðfæri og kennslutæki, auk ýmissa kennslugagna: Flygill eða píanó, skólahljóðfæri (t.d. Orff-hljóðfæri), hljómflutningstæki, hljóðnemar, tafla með nótnastrengjum, tölva með tónlistarforritum, skjávarpi, myndvarpi og tjald

**Salur** Í sal er nauðsynlegt að hafa flygil.

**Samspilsstofa** Í samspilsstofu þarf að hafa flygil. Fari fram kennsla í rytmískri tónlist þarf einnig trommusett, gítarmagnara, bassamagnara, hljómborð og hljóðkerfi.

**Slagverksstofa** Lágmarksbúnaður til kennslu á fyrstu námsstigum í slagverksleik er sneriltromma, bassatromma, málmgjöll, þríhorn og klukkuspil, þ.e. þau hljóðfæri sem að jafnaði eru notuð í lúðrasveitum. Einnig er æskilegt að trommusett sé fyrir hendi þar sem slagverkskennsla fer fram.

**Skólasafn** Mikilvægt er að skólar búi yfir góðum nótna- og bókakosti. Æskilegt er að á skólasafninu séu nettengdar tölur með tónlistarforritum og kennsluefni fyrir nemendur. Ennfremur er æskilegt að á safninu sé tónlistarefni á myndböndum og aðstaða fyrir nemendur til að nýta sér það. Gera verður ráð fyrir reglulegum innkaupum nýrra safngagna.

**Hljóðver** Í skólastarfi nýtist hljóðver á margvíslegan hátt. Hægt er að taka upp tónleika, búa til kennsluefni og nota hljóðverið til kennslu, svo sem í tónsköpun eða til að kenna nemendum hljóðupptökur og vinnslu. Í hljóðver þarf eftirfarandi lágmarksbúnað: fjölrása upptökutæki, hljóðblöndunartæki, magnara, hátalara, hljóðnema, hljóðgervla o.fl.